

Mánudaginn 4. maí 1981.

Nr. 1/1981.

**Verkstjórásamband Íslands vegna
Verkstjórafélagsins Þórs
f.h. Einars Þórðarsonar og
Þorvarðar Guðmundssonar**

(Guðmundur Þórðarson hdl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands vegna
Sambands Málm- og skipamiðja
f.h. Stálvíkur h/f**

(Barði Friðriksson hrl.)

og

**Vinumálasambandi samvinnufélaganna
til réttargæslu**

(Sigmundur Hannesson cand.jur.)

Kjarasamningar. Deilt um kaup.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 24. apríl s.l., var höfðað með stefnu 3. mars 1981.

Stefnandi er Verkstjórásamband Íslands vegna Verkstjórafélagsins Þórs fyrir hönd Einars Þórðarsonar og Þorvarðar Guðmundssonar.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands vegna Sambands Málm- og skipamiðja fyrir hönd Stálvíkur h/f.

Þá er Vinumálasambandi samvinnufélaganna stefnt til réttargæslu í málinu.

Dómkröfur stefnanda eru þær að dæmt verði að verkstjórnarnir Einar Þórðarson og Þorvarður Guðmundsson, félagar í Verkstjórafélaginu Þór og báðir starfsmenn Stálvíkur h/f í Garðabær, sem sannanlega voru ráðnir á yfirverkstjóralaunum fyrir gerð kjarasamninga frá 5. desember 1980 milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinumálasambands samvinnufélaganna annars vegar og Verkstjórásambands Íslands og Verkstjórafélagsins Þórs hins vegar, taki áfram eftir gerð nefndra kjarasamninga kaup samkvæmt launataxta yfirverkstjóra, og að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnanda, og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað.

Dómkröfur réttargæslustefnda eru þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað.

Í máli þessu hefur komið fram kjarasamningur Verkstjórásambands Íslands og Verkstjórafélagsins Þórs annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar. Þessi samningur var undirritaður þann 5. desember 1980 með fyrirvara um samþykki, en síðan samþykktur óbreyttur. 20.2. grein samningsins mælir fyrir um gildistöku þann 27. október 1980.

Í máli þessu er deilt um skilning á grein 1.4.4., sbr. grein 1.5.3. kjarasamnings þessa. Er grein 1.4.4. á þessa leið:

„Verkstjórar iðnaðarmanna skulu aldrei fá lægra kaup en 15% hærra en þeir sveinar, sem þeir stjórna, miðað við tímavinnu í sama aldursflokki. Hámarkskaup samkvæmt þessum málslíð skal þó aldrei vera hærra en 15% ofan á 26. flokk samkv. kjarasamningi ASÍ, VMS og VSÍ frá 27. og 28.10.1980.

Iðnlærðir yfirverkstjórar skulu aldrei fá lægra kaup en 12,5% hærra en þeir verkstjórar sem þeir stjórna miðað við tímavinnu í sama aldursflokki“.

Grein 1.5.3. hljóðar svo:

„Einstakir verkstjórar haldi því kaupi, sem þeir þegar hafa, þó hærra sé en samningur þessi gerir ráð fyrir“.

Eftir samningsgerðina 5. desember 1980 kom upp ágreiningur um launaflokkun þeirra Einars Þórðarsonar, Lynghvammi 1 í Hafnarfirði, og Þorvarðar Guðmundssonar, Miðvangi 123 í Hafnarfirði, en þeir eru starfsmenn Stálvíkur h/f, Garðabæ, og báðir félagar í Verkstjórafélaginu Þór. Er því haldið fram af stefnanda hálfu að þessir menn séu vanhaldnir um kaupgreiðslur af varnaraðila Stálvík h/f, sem er meðlimur Vinnuveitendasambands Íslands.

Í samræmi við grein 19.2. í kjarasamningi aðilanna var ágreiningsefni þetta lagt til meðferðar sérstakrar sáttanefndar, sem í sátu þeir Björn Friðfinnsson lögfræðingur, Jón Erlendsson, verkstjóri, og Guðjón Tómasson, framkvæmdastjóri. Nefndin skilaði skriflegri

niðurstöðu þann 23. janúar 1981, og er hún lögð fram í málinu í heild sem dskj. 3. Þar segir meðal annars:

„Það er álit meirihluta nefndarinnar (BF og GT) að grein 1.5.3. í kjarasamningnum beri ekki að túlka svo, að þeir Einar og Þorvarður skuli fylgja kauptaxta iðnlærðra yfirverkstjóra framvegis. Það leiði af edli þeirra breytinga sem síðast voru gerðar á kjarasamningum járníðnaðarmanna og verkstjóra þeirra að laun verkstjóranna skuli að öllu fara eftir grein 1.4.4. í kjarasamningnum, þ.e. að grunnlaun þeirra skuli vera 15% hærrí en laun sveina, sem þeir stjórna og þó ekki hærrí en 15% ofan á 26. flokk skv. kjarasamningi járníðnaðarmanna frá 28.10.1980. Ekki liggí fyrir samningur eða samningsígildi um yfirborgun umfram hin almennu launaákvæði kjarasamnings verkstjóra.

Minnihluti nefndarinnar (JE) telur hinsvegar, að grein 1.5.3. í kjarasamningnum beri að túlka þannig, að þeir Einar og Þorvarður skuli fylgja áfram þeim taxta, sem þeim hafi verið greitt eftir síðustu árin, þ.e. taxta iðnlærðra yfirverkstjóra og breyti nýlega gerðir kjarasamningar járníðnaðarmanna þar engu um, þar sem líta beri svo á, að þeir Einar og Þorvarður hafi umsamda yfirborgun.

Milli þessara meginsjónarmiða náðist ekki samkomulag innan nefndarinnar, en líta verður svo á, að sáttanefndarmennirnir JE og GT komi þar fram, sem fulltrúar málsaðila“.

Í málflutningi stefnanda kemur fram að þeir Einar Þórðarson og Þorvarður Guðmundsson, sem réðust til varnaraðila, Stálvíkur h/f, árin 1976 og 1977, sem verkstjórar, hafi aldrei farið þar með mannaforráð sem yfirverkstjórar. Samt sem áður hafi þeir, allt fram að gildistöku núgildandi kjarasamnings, fengið laun sem reiknuð hafi verið út frá taxta Verkstjórafélagsins Þórs og Sambands Málm- og skipasmíðja fyrir iðnlærða verkstjóra eftir 10 ára starf, og það samsvari launum yfirverkstjóra, eins og þau voru þá reiknuð. Með tilliti til greinar 1.5.3. í kjarasamningi eigi þeir að halda kaupí því, er þeir höfðu við gildistöku hans, enda þótt hærra sé en samningurinn stendur til, þ.e. þeir skuli áfram fylgja þeim kauptaxta, sem ráðning segi til og raunverulegar greiðslur gildi sem ráðning skv. tilsvarandi kauptaxta.

Þess vegna sé það brot á kjarasamningi er Stálvík h/f hafi lækkað þessa tvo menn um launaflokk.

Í málsútlístun stefnda er svo frá skýrt að þeir Einar Þórðarson

og Þorvarður Guðmundsson hafi verið ráðnir sem verkstjórar hjá Stálvík h/f, en þeir hafi aldrei gegnt störfum yfirverkstjóra. Samkvæmt einhliða ákvörðun forráðamana Stálvíkur h/f hafi þeim verið borgað þannig að miðað hafi verið við hærri mörk fyrir verkstjóra iðnaðarmanna eftir 10 ára starf, en hvorki ráðning né kjarasamningur hafi staðið til þessa. Hafi þar verið um að ræða mikla yfirborgun til þeirra, og hafi það þótt óhjákvæmilegt til þess að umsamið hundraðstölulaunabil héldist milli þeirra og sveina þeirra er þeir stjórnðu, en yfirborgarnir til hinna síðarnefndu hafi þá tíðkast í verulegum mæli. En þó þeir fengju þannig yfirverkstjórakaup þá hafi þeir ekki fengið rétt til þess að taka kaup eftir hæsta gildandi verkstjórataxta eins og hann yrði hverju sinni, að óbreyttum eiginstörfum og starfssviði hjá hlutafélaginu.

Í þessu sambandi beri að athuga að í kjarasamningum síðla árs 1980 hafi aðilar komið sér saman um grundvallarbreytingar í þá átt að koma á samræmdri launaflokkaröðun á hinum almenna vinnumarkaði. Þetta komi fram í samningi Málm- og skipasmiðasambands Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands og Samband Málm- og skipasmiðja, sem gerður var 17. október 1980. Þar sé samið um að gilda skuli launaflokkar nr. 14, 17, 20, 23 og 26 í launaflokkakerfi kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, sem gerður var s.d. Inn í þessa launaflokka hafi verið felld hin ýmsu álagstílefni á umsamið lágmarkskaup, svo og allar yfirborganir, sem tíðkast höfðu. Með þessu móti hafi samningsbundnir kauptaxtar hækkað verulega, um og yfir 20%, en útborgað kaup ekki nærri að sama skapi. Aðilar hafi reynt að láta þessi atriði koma fram í 7. gr. samnings Málm- og skipasmiða við vinnuveitendur sína, sem nefndur var, og hefur verið lagður fram í málinu, en þar segir svo:

„Samningsaðilar, sem í dag hafa gert með sér kaup- og kjarasamning, eru sammála um að hækkanir, sem verða á kauptöxtum við samningsgerðina, m.a. vegna breyttrar flokkaskipunar, gefa ekki tilefni til hækunar á greiddu kaupi til þeirra, sem fyrir samningsgerðina fengu greitt jafnhátt kaup eða herra en hinn nýi launataxi tilgreinir fyrir viðkomandi störf. Þó skal enginn hækka um minna en kr. 16.300 á mánuði fyrir fulla dagvinnu“.

Í kjölfar samnings þessa og í nánum tenglum við hann hafi síðan tekist samningur við verkstjóra. Þar hafi verið haldið því fyrir-

komulagi, sem áður var, að mæla kaup verkstjóra við kaup sveina, grein 1.4.4. Verkstjórum hafi þar með verið tryggt ákveðið lágmarkskaup, miðað við kaup þeirra sveina er þeir stjórna, og sama grein takmarki einnig hámark kaups verkstjóra. En grein 1.5.3. verði alls ekki skilin á annan veg en þann að enginn verkstjóri fái lægra útborgað kaup eftir gildistöku kjarasamnings en hann hafði fyrir samningsgerðina.

Málsútlistun réttargæslustefnda er í meginatriðum hin sama og sú sem stefndi hefur haft uppi í máli þessu.

Á það er bent að ekki sé um að ræða eiginlegan kauptaxta verkstjóra. Það sé kaup sveina sem ráði því hvert kaup verkstjóra sé hverju sinni, og við það sé miðað í 1.4.4. gr. kjarasamnings verkstjóra. Þannig sé þeim tryggt lágmarkskaup auk tilskilinna aldursþækkana. Nú fái þeir Einar Þórðarson og Þorvarður Guðmundsson, sóknaraðilar máls þessa, hámarkskaup skv. nefndri samningsgrein, fyrri málsgrein. — Yfirborgarnir til sveina hafi gert að verkum að sóknaraðilar fengu einnig yfirborgun, svo samningsbundin hundradstölubil í kaupi héldist, og frekar fyrir tilviljun hafi þeir fengið sama kaup og yfirverkstjórar þó þeir hafi ekki gegnt slíkum störfum. En sérstakur taxti yfirverkstjóra sé ekki til. Eftir að málmíðnaðarmenn og vinnuveitendur þeirra gerðu með sér kjarasaming þann 27. október 1980, þar sem yfirborgarnir voru felldar inn í launataxtana, hafi forsendur fyrir því greiðslufyrirkomulagi kaups, eins og það t.d. hafi verið framkvæmt í Stálmík h/f, brostið með öllu. Ákvæði gr. 1.4.4. tiltaki nú ákveðið hámarkskaup verkstjóra. Grein 1.5.3. verði með hliðsjón af þessu ekki skýrð þannig að orðið „kaup“ merki „kauptaxta“, tilgangur hennar sé sá að fyrirbyggja að útborgað kaup verkstjóra lækki, skv. hinum nýja samningi, en ekki sá að verkstjórar skuli halda ákveðnum taxta.

Álit dómsins.

Þeir Einar Þórðarson og Þorvarður Guðmundsson hófu störf verkstjóra hjá Stálmík h/f árin 1976 og 1977, sem verkstjórar. Ekki er fram komið í málinu að þeir hafi verið ráðnir yfirverkstjórar og hafa þeir heldur ekki haft þau mannaforráð, sem þeirri starfsstöðu fylgja. En þrátt fyrir það var þeim greitt kaup, sem svarar til hæsta kauptaxta verkstjóra eftir 10 ára starf, og var þar um að ræða yfirborgun til þeirra, svo héldist samningsbundið hundradstölubil milli

kaups þeirra og kaups þeirra sveina, sem lutu verkstjórn þeirra.

Grein 1.4.4. í kjarasamningi aðila máls þessa frá 5. desember 1980, mælir verkstjórum kaup, þannig að tiltekinn hundradstala er lögð á kaup það, er sveinum ber samkvæmt kjarasamningi málm-íðnaðarmanna við vinnuveitendur þeirra. Þessi grein tiltekur einnig hámark kaups verkstjóra.

Úrslit máls þessa velta á því hvernig túlka beri margnefnda grein 1.5.3. í kjarasamningi aðilanna frá 5. desember 1980, sem gildi frá 27. október s.á., þ.e. hvort þar sé átt við útborgað kaup eða kauptaxta.

Dómurinn hafnar þeim skilningi stefnanda að orðið „kaup“ í grein þessari beri að túlka sem kauptaxta, en telur að það beri að skilja sem útborgað kaup.

Þessi skilningur fær meginstuðning í 7. gr. kjarasamnings milli Málm- og skipasmiðasambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Sambands Málm- og skipasmiðja hins vegar, frá 27. október 1980, þar sem segir að aðilar séu sammála um að hækkanir, sem verða á kauptöxtum við samningsgerðina, m.a. vegna breyttrar flokksskipunar, gefi ekki tilefni til hækkunar á greiddu kaupi til þeirra, sem fyrir samningsgerðina fengu greitt jafnhátt kaup eða hærra, en hinn nýi launataxti tilgreinir fyrir viðkomandi störf.

Ber því að sýkna stefnda og réttargæslustefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Þorsteinn Thorarensen, Halldór Þorbjörnsson, Björn Helgason, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Sambands Málm- og skipasmiðja f.h. Stálvíkur h/f og réttargæslustefndi, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, eiga að vera sýknir af kröfu stefnanda Verkstjórasambands Íslands vegna Verkstjórafélagsins Þórs f.h. Einars Þórðarsonar og Þorvarðar Guðmundssonar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.